

1406016



Reykhólahreppur
Ingibjörg B. Erlingsdóttir, sveitarstjóri
Reykhólum
380 Króksfjarðarnes

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 14. október 2014
Tilv.: IRR14090208/18.10.9

Með bréfi þessu staðfestir innanríkisráðuneytið siðareglur fyrir kjörna fulltrúa Reykhólahrepps, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem því voru sendar 16. september 2014. Hjálagt eru siðareglur Reykhólahrepps, staðfestar með stimpli ráðuneytisins, dagsetningu og undirskrift.

Ráðuneytið minni á ákvæði 2. mgr. áður nefndrar greinar sveitarstjórnarlaganna þar sem kveðið er á um opinbera birtingu siðareglanna á vefsíðu sveitarfélagsins eða á annan sambærilegan hátt. Þá telur ráðuneytið rétt að í þeirri birtingu komi fram staðfesting ráðuneytisins.

Fyrir hönd innanríkisráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest frumrit siðareglna fyrir kjörna fulltrúa Reykhólahrepps.

Síðareglur

fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykhólahreppi.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttæni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Reykhólahrepps og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Síðareglurnar ná til allra kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem sitja í nefndum, ráðum og starfshópum sem og varamanna þeirra (hér eftir nefndir einu nafni kjörnir fulltrúar).

2. gr.

Gæsla almannahagsmuna.

Kjörnir fulltrúar Reykhólahrepps skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Reykhólahrepps. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnarsýslu.

3. gr.

Ábyrgð.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart íbúum sveitarfélagsins í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

4. gr.

Háttvísi og valdmörk.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi.

Kjörnum fulltrúum ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Reykhólahrepps við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

5. gr.

Trúnaður.

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaður helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

6. gr.

Misbeiting valds.

Kjörnir fulltrúar mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það.

7. gr.

Gjafir og fríðindi.

Kjörnir fulltrúar skulu tilkynna um allar gjafir sem þeir þiggja vegna stöðu eða starfa sinna. Óheimilt er að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu Reykhólahrepps, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

 
K.K.

8. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá sveitarstjórn eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans.

Kjörnir fulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það.

9. gr.

Ábyrgð í fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

10. gr.

Stjórnsýslueftirlit.

Kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit hjá Reykhólahreppi og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

11. gr.

Að virða hlutverk starfsmanna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Reykhólahrepps. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

12. gr.

Stöðuveitingar.

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

13. gr.

Bann við að tryggja sér stöður.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki í störfum sínum leita eftir starfslegum ávinningi í framtíðinni, meðan þeir eru við störf eða eftir að þeir hafa látið af störfum til dæmis í;


- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa haft eftirlit með í störfum sínum
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa gert samninga við í störfum sínum
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem sett var á laggirnar meðan þeir gegndu embætti og samkvæmt því ákvörðunarvaldi sem þeim var falið.

14. gr.

Ráðsmennska.

Kjörnir fulltrúar skulu taka fullt tillit til umbjóðenda sinna og veita þeim þá bestu þjónustu sem þeim er unnt. Þetta felur m.a. í sér að;

- leysa verkefni eftir bestu getu á sem skemmstum tíma hvort sem verkefnin eru stoðverkefni milli sviða, verkefni nefnda eða bein úrlausn fyrir hreppsbúa.
- virða einkalíf með þagmælsku um persónulega hagi og aðrar upplýsingar sem viðkomandi kann að áskotnast í störfum sínum fyrir sveitarfélagið.
- upplýsa þá sem það á við um réttindi þeirra, skyldur og úrræði til lausnar verkefna og vandamála.
- virða og verja rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar eins og mögulegt er.

 VP
K.K.

15. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins og almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt 14. ágúst 2014 af sveitarstjórn Reykhólahrepps.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir
Sveitarstjóri.

Vilhjörg Þráinsson
Sandra Rím Björnsdóttir
Áslaug B. Guðmúndsdóttir
Agúst Max Gröndal
Karl Kristjánsson
Jóhanna Ösp Einarsson
Kotfinna Ýr Ingólfsdóttir
Rebecca Arnika
Guðrún Guðmundsdóttir
Eggert Ólafsson



14.10.2014 *[Handwritten signature]*